

Mennta- og barnamálaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Sendandi: Mennta- og barnamálaráðuneyti
Dagsetning: 26.04.2023
Málsnúmer: MRN22080099
Bréfalykill: 3.6
Tilgangur: Skv. beiðni
Mikilvægi: Mikilvægt

Efni: Vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.)

I. Inngangur

Með tölvubréfi, dags. 18. apríl 2023, óskaði allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir minnisblaði mennta- og barnamálaráðuneytis með viðbrögðum við umsögnum sem borist höfðu Alþingi um frumvarp til laga um breytingu á lögum á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs (hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.) (þskj. 931, 597. mál. á 153. lögþ. 2022-2023).

Alls bárust Alþingi fimm umsagnir um málið frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Landssamtökunum Þroskahjálpi, Persónuvernd, samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs og Ungmennafélagi Íslands. Flestar umsagnanna eru almenns eðlis og lýsa umsagnaraðilar yfir ánægju með þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu. Í þessu minnisblaði verður því einkum fjallað um umsögn Persónuverndar, dags. 9. mars 2023, og afstöðu ráðuneytisins til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. Jafnframt verður vikið að umsögnum annarra aðila eftir því sem tilefni þykir til.

II. Um umsögn Persónuverndar og vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt frumvarpinu

Líkt og fram kemur í greinargerð þeirri sem fylgdi frumvarpinu var það fyrst lagt fram á 152. löggjafarþingi (þskj. 822, 581. mál) en náði ekki fram að ganga. Frumvarpið er að mestu óbreytt en þó hafa verið gerðar tilteknar breytingar, einkum í því skyni að koma til móts við innsendar athugasemdir Persónuverndar, dags. 31. maí 2022, sem bárust allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis við vinnslu málsins.

Í umsögn Persónuverndar, dags. 9. mars sl., kemur fram sú afstaða stofnunarinnar að ekki hafi verið komið til móts við athugasemdir Persónuverndar að öllu leyti, m.a. að því er varðar skilyrði fyrir heimild til miðlunar upplýsinga og aðkomu hins skráða. Þá kemur fram að ljóst sé að fjöldi aðila geti fallið undir heimild 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins til miðlunar.

Ráðuneytið tekur undir með Persónuvernd að nokkur fjöldi aðila falli undir starfssvið samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Þeir aðilar eru tilgreindir í 1. gr. laga nr. 45/2019 og telur ráðuneytið því skýrt afmarkað í lögnum sem og frumvarpinu til hvaða aðila heimildin tekur. Ráðuneytið tekur því ekki undir þá afstöðu Persónuverndar að gildissvið 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins sé ekki afmarkað.

Í umsögn Persónuverndar kemur fram að stofnunin geri athugasemdir við það hversu víðtæk heimild samskiptaráðgjafa til miðlunar persónuupplýsinga er. Því telur ráðuneytið rétt að benda á að í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 45/2019 kemur fram að samskiptaráðgjafi skuli gæta þess að persónuupplýsinga sé aflað með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga samkvæmt fyrirmælum laga um persónuvernd og vinnslu

persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Þá kemur fram að samskiptiráðgjafi skuli einungis afla viðeigandi upplýsinga og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang þeirra og að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Með frumvarpinu er ekki lagt til að gerð verði breyting á tilvitnuðu ákvæði og verði frumvarpið að lögum telur ráðuneytið ljóst að túlka beri þær málsgreinar sem lagt er til að bætist við ákvæðið með hliðsjón af ákvæði 4. mgr. 6. gr. laganna sem og ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Ráðuneytið telur jafnframt rétt að benda á að þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu þurfi að skoða með markmið laga nr. 45/2019 í huga. Markmið laganna, sbr. 2. gr. þeirra, er að íþrótta- og æskulýðsstarf fari fram í öruggu umhverfi og að börn, unglingar og fullorðnir, óháð kynferði eða stöðu að öðru leyti, geti stundað íþróttir eða æskulýðsstarf og leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem eiga sér stað án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar. Lögin voru sett með það að markmiði að bæta umgjörð íþrótta- og félagsstarfs og stuðla að öryggi þeirra einstaklinga sem um ræðir. Ráðuneytið telur ljóst að því markmiði verði ekki náð án þess að tryggt sé að samskiptaráðgjafi íþrótta- og æskulýðsstarfs hafi fullnægjandi lagaheimildir til vinnslu og miðlunar persónuupplýsinga.

Líkt og fram kemur í umsögn samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs við frumvarpið, einnig dags. 9. mars sl., berast viðkvæmar persónugreinanlegar upplýsingar ráðgjafanum í nær öllum málum. Þá kemur jafnframt fram í umsögninni að félög hafi óskað eftir því að samskiptaráðgjafi geti jafnframt miðlað mikilvægum upplýsingum á milli félaga, með það fyrir augum að auka öryggi iðkenda. Þau sjónarmið hafa einnig komið fram í samtölum ráðuneytisins við samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Þar hefur komið fram að samskiptaráðgjafi myndi raunar telja það mikilvægt fyrir framkvæmd starfsins að fá enn víðtækari heimild til miðlunar upplýsinga en lögð er til með frumvarpinu. Með hliðsjón af sjónarmiðum um meðalhóf og friðhelgi einkalífs þeirra einstaklinga sem um ræðir var ekki talið rétt að leggja til svo víðtæka heimild. Að mati ráðuneytisins er sú heimild sem lögð er til með frumvarpinu hófleg þegar litið er til ólíkra sjónarmiða Persónuverndar annars vegar og samskiptaráðgjafa hins vegar.

Að því er varðar athugasemdir Persónuverndar um tilgreiningu á aðkomu hins skráða að vinnslu og miðlun persónuupplýsinga og hvernig miðlun persónuupplýsinga um hann skuli háttáð telur ráðuneytið ljóst að við vinnslu mála beri samskiptaráðgjafa að líta til gildandi reglna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. með þeim hætti að vinnsla persónuupplýsinga sé gagnsæ gagnvart hinum skráða. Ráðuneytið telur ekki þörf á því að útfæra aðkomu þeirra aðila sem um ræðir sérstaklega í lögum nr. 45/2019 enda gilda almennar reglur stjórnsýsluréttar sem og laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um störf samskiptaráðgjafa, þ.m.t. að því er varðar aðkomu aðila að málum.

Að mati ráðuneytisins kalla athugasemdir Persónuverndar er varða skilyrði fyrir heimild til miðlunar upplýsinga og aðkomu hins skráða því ekki á breytingar á frumvarpinu.

Í umsögn Persónuverndar kemur fram ábending um ákvæði 3. gr. frumvarpsins og ósamræmi í frumvarpinu og umfjöllun um það í greinargerð frumvarpsins. Vegna ábendingarinnar vill ráðuneytið taka fram að við lokayfirlestur misfórst að breyta umfjöllun í 3. kafla greinargerðarinnar, þar sem fjallað er um meginefni frumvarpsins, til samræmis við endanlega útgáfu 3. gr. frumvarpsins. Er þess óskað að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hafi þetta í huga við vinnslu málsins.

III. Annað

Í ljósi umræðu á Alþingi þann 24. apríl sl. við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum í þágu barna (samþætting þjónustu o.fl.) (þskj. 1452, 922. mál á 153. lögb. 2022-2023) þar sem fram kom ábending er laut að gildissviði íþróttalaga, nr. 64/1998, vill ráðuneytið einnig koma eftirfarandi á framfæri.

Í umræðunni var þess óskað að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis tæki til skoðunar hvort að tilefni væri til að gera frekari breytingar á ákvæði 16. gr. íþróttalaga en lagðar eru til í 5. gr. frumvarpsins. Var í því sambandi vísað til þess að nefndin skoðaði að gera breytingar á gildissviði 1.

mgr. 16. gr. gildandi íþróttalaga þannig að einstaklingum sem hlotið hafa refsíðóm vegna alvarlegra brota, einkum 211. gr. og 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, væri einnig óheimilt að starfa hjá þeim aðilum sem falla undir gildissvið íþróttalaga.

Vegna umræðunnar vill ráðuneytið benda á að bann við ráðningum einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóma er útfært með mismunandi hætti í lögum. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, eru ákvæði þar sem fjallað er um bann við ráðningum einstaklinga sem hlotið hafa refsíðóma vegna brota á ákvæðum 211. gr. eða 218. gr. almennra hegningarlaga. Þess skal getið að í þeim lagabálkum er ekki að finna bann við ráðningu aðila sem hlotið hafa refsíðóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum, líkt og finna má í ákvæði 1. mgr. 16. gr. íþróttalaga sem og ákvæði 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007.

Ráðuneytið telur rétt að fram komi að ef gerðar verða breytingar á ákvæði 5. gr. frumvarpsins, líkt og lagt var til í tilvitnaðri umræðu, mun það fela í sér reglu sem er til þess fallin að stuðla að ríkari vernd þeirra barna og ungmenna sem um ræðir. Jafnframt er ljóst að ákvæðið yrði þá meira íþyngjandi fyrir þá einstaklinga sem óska eftir því að starfa með börnum og ungmennum í íþróttastarfi. Ef allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis kys að gera breytingar á ákvæðinu til samræmis við umræðuna myndi ráðuneytið telja að vel færi á því að gera sambærilega breytingu á ákvæði 3. mgr. 10. gr. æskulýðslaga til að tryggja samræmi milli ákvæða íþróttalaga og æskulýðslaga.